

Fundargerð

143. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn fimmtudaginn 12. apríl, kl. 14.00 á skrifstofu HNE á Furuvöllum Akureyri.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp, samþykkt og undirrituð.

2. Fundur umhverfisgæðahóps HES/UST á Akureyri, 5. og 6. mars s.l.

Skýrt var frá vinnufundi umhverfisfulltrúa frá Heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga og starfsmanna Umhverfisstofnunar þann 5. og 6. mars s.l. á Akureyri. Viðfangsefnið var yfirferð og samræming á gátlistum vegna eftirlits með bensínstöðvum. Einnig var kynnt einfalt próf til að meta virkni á olúskiljum. Nokkur fyrirtæki voru skoðuð og framkvæmdar mælingar í olúskilju. Þá voru kynnt drög að nýrri reglugerð um mengunarvarnir vegna bensínstöðva og olúbirgðastöðva.

3. Erindi frá Umhverfisstofnun um starfsleyfi fyrir fiskeldi og staðsetningar.

Kynnt var erindi frá Umhverfisstofnun um samræmingu á orðalagi og hnitsetningu vegna staðsetninga á fiskeldiskvíum (afmörkun starfsstöðvar).

4. Stöðuskýrsla um förgun skólps á starfssvæði heilbrigðisnefndar.

Að beiðni Umhverfisstofnunar er nú unnið að gagnasöfnun um stærri fráveitur þar sem m.a. eru skráðar með hnitsetningu allar útrásir og fjöldi persónueininga á hverri útrás, umhverfisathuganir og áætlanir um úrbætur á fráveitum; þ.m.t. lenging á útrásum og uppsetning á hreinisivirkjum.

5. Gasvinnsla á Glerárdal; fyrirspurn um starfsleyfisskyldu.

Kynnt var erindi frá Umhverfisstofnun þar sem fram kemur að vinnsla starfsleyfis vegna áforma Norðurorku um vinnslu á metangasi úr haugunum á Glerárdal á heima í heilbrigðisnefnd, en ekki hjá Umhverfisstofnun.

6. Kvartanir um hávaða í miðbæ Akureyrar.

Skýrt var frá úrbótum sem hafa verið gerðar í framhaldi af kvörtunum um næturhávaða í miðbæ Akureyrar um helgar og einnig var kynnt svar bæjarráðs Akureyrarbæjar við bókun heilbrigðisnefndar dags. 7. sept. 2011 um að koma til móts við sjónarmið íbúa með því að stytta afgreiðslutíma veitinga- og skemmtistaða og með því að efla löggæslu í miðbæ Akureyrarbæjar. Heilbrigðisnefnd leggur áherslu á að Akureyrarbær láti vinna hávaðakort fyrir miðbæ Akureyrarbæjar og er í því sambandi vísað til reglugerðar um kortlagningu hávaða og aðgerðaráætlanir (nr. 1000/2005). Ef hávaði reynist yfir hávaðamörkum; þá er skylt að grípa til aðgerða til að draga úr áhrifum hávaða. Hafa skal samráð við heilbrigðisnefnd um gerð slíkra aðgerðaráætlana.

7. Erindi frá Umhverfisstofnun um markaðsetningu á Ratak og Roban nagdýraeitri.

Kynnt var erindi frá Umhverfisstofnun um að óheimilt er að markaðssetja Ratak og Roban nagdýraeitur frá 31. mars s.l. og ber að grípa til viðeigandi ráðstafana ef vart verður við þessi efni á markaði.

8. Umsögn vegna frumvarps til efnalaga.

Skýrt var frá fyrirhuguðum breytingum varðandi fyrirkomulag á eftirliti með efnavöru skv. frumvarpi til efnalaga. Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra er lögð áhersla á mikilvægi þess að innflytjendur og innlendir framleiðendur búi við góða nærþjónustu eftirlitsaðila.

9. Kaldakvíslarvirkjun í Tjörneshreppi: Umsögn um drög að aðaltekningu stöðvarhúss.

Kynnt var umsögn vegna aðaltekninga að stöðvarhúsi Kaldakvíslarvirkjunar í Tjörneshreppi og skýrt frá fyrirhugaðri stíflugerð.

10. Rauðaskriða 1-III í Aðaldal í Þingeyjarsveit. Umsögn varðandi deiliskipulag. Um er að ræða bygging á 225m² gistihúsi og 100m² viðbyggingu við núverandi matsal.

Kynnt var umsögn vegna deilsskipulags rauðuskriðu I-III í Aðaldal í Þingeyjarsveit.

11. Skilyrði Umhverfissráðuneytis fyrir undanþágu frá laugargæslu og breytingu á reglugerð nr. 814/2008 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum.

Skilyrði Umhverfissráðuneytis fyrir undanþágum frá laugargæslu (ásamt breytingu á reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum nr. 814/2008) voru kynnt og farið yfir tillögur að umsögnum til ráðuneytis vegna undanþágubeiðna. Heilbrigðisfulltrúum var falið að upplýsa ráðuneyti um aðstæður í þeim sundlaugum sem hafa sótt um undanþágur með hliðsjón af skilyrðum ráðuneytis. Nefndin tekur ekki afstöðu til einstakra undanþágubeiðna.

12. Greint frá kynningarfundum UST fyrir fulltrúa í vatnasvæðisnefnd 2 sem haldinn var á Egilsstöðum þann 20. mars s.l.

Skýrt var frá fyrsta fundi vatnasvæðisnefnda á Egilsstöðum þann 20. mars s.l. Unnið er að gagnasöfnun og er áætlað að deila starfinu vatnasvæðisnefnd 2 á þann hátt að annarsvegar verði fjallað um Eyjafjörð og hins vegar um Þingeyjarsýslur.

13. Leiðbeiningar UST með starfsleyfisskilyrðum fyrir dýrasýningar og – keppnir í íþróttamannvirkjum með aðstöðu til íþróttaiðkunar á ís.

Heilbrigðisnefnd samþykkti að nota fyrrnefndar leiðbeiningar Umhverfisstofnunar sem starfsleyfisskilyrði.

Umsóknir um starfsleyfi:

1. Elísabet Skarphéðinsdóttir, kt. 090951-2039, Hóli 2, Eyjafjarðarsveit, umsókn um starfsleyfi fyrir útleigu á íbúð á neðri hæð að Hóli 2, Eyjafjarðarsveit. **Samþykkt.**
2. Brattás s.f., kt. 601210-0960, Hafnargötu 1, 610 Grenivík, umsókn um starfsleyfi m.t.t. mengunarvarna vegna söltunar og verkunar á grásleppu. **Samþykkt.**
3. Björk Þorsteinsdóttir, kt. 290667-5429, Duggufjöru 12, Akureyri, umsókn um starfsleyfi fyrir útleigu á íbúð í Duggufjöru 12, Akureyri. **Samþykkt.**
4. Hólmfríður Jóhannesdóttir, kt. 180353-4459, Hafnarstræti 101, Akureyri, umsókn um starfsleyfi fyrir útleigu á íbúð í Hafnarstræti 101, Akureyri. **Samþykkt.**
5. Kínamaðurinn ehf, kt.420709-0560, Þórunnarstræti 106, Akureyri, umsókn um starfsleyfi fyrir veitingahúsið “Kínamaðurinn - Veitingahús Pengs” á 2. hæð, Strandgötu 7, Akureyri. **Samþykkt.**
6. Goya veitingar ehf, kt. 520112-0990, Grundargerði 2b, Akureyri, umsókn um starfsleyfi fyrir veitingahúsið “Goya” í Kaupangsstræti 23, Akureyri. **Samþykkt.**
7. Takis ehf, kt. 601211-0330, Norðurgötu 8, Akureyri, umsókn um starfsleyfi fyrir verslun með mat- og hreinlætisvöru. **Samþykkt.**
8. Inga Gerður Ingimarsdóttir, kt. 120159-3569, Skipasundi 51, 104 Reykjavík, umsókn um starfsleyfi fyrir veitingahúsið “Cafe Hrísey” í Sjávangötu 2, Hrísey. **Samþykkt.**
9. Veitingastofan Stapi ehf. kt. 510112-0400, Fjarðarvegi 15, 680 Þórshöfn. Rekstrarleyfi: Veitingastaður fl.III. Nafn veitingastaðar: Fontur-restaurant. **Samþykkt.**
10. Fosshóll ehf. kt. 430397-2069, Fosshóli Þingeyjarsveit, veitingastaður. Endurnýjun og nýr rekstraraðili. Rekstrarleyfi: Gististaður: Flokkur V. Heiti gististaðar/veitingastaðar: Fosshóll. **Samþykkt.**
11. Rauðaskriða 1 ehf. kt. 450312-0610, Rauðuskriðu Þingeyjarsveit. Endurnýjun og nýr rekstraraðili. Rekstrarleyfi: Gististaður/Hótel: Flokkur V. Heiti gististaðar: Hótel Rauðaskriða. **Samþykkt.**
12. Kiðagil ehf. kt. 660307-1410, Kiðagili Þingeyjarsveit. Endurnýjun. Rekstrarleyfi: Gististaður flokkur V. Heiti gisti/veitingastaðar: Kiðagil. **Samþykkt.**
13. J.S. Seafood ehf, Bakkagötu 11, 670 Kópaskeri. kt. 540211-0430. Fiskvinnsla, söltun, ferskur fiskur og niðursuða. Starfsleyfi vegna mengunarvarna. **Samþykkt.**
14. Heimabakarí ehf. kt. 460901-3320, Garðarsbraut 15, Húsavík. Kaffihús. Rekstrarleyfi veitingastaður: Flokkur II. Heiti veitingastaðar: Heimabakarí. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt.**
15. Hótel Skúlagarður kt. 130155-3679, Skúlagarði Norðurþing. Sótt er um leyfi fyrir átöppun og sölu á fersku vatni í vottuðum eldhúsum á nokkrum stöðum. **Afgreiðslu frestað.**
16. Landsvirkjun. Tímabundið starfsleyfi vegna fyrirhugaðs reksturs og aðstöðu á Þeistareykjum. **Samþykkt.**
17. Landsvirkjun. Tímabundið starfsleyfi vegna fyrirhugaðs reksturs og aðstöðu í Bjarnarflagi. **Samþykkt.**
18. Skautafélag Akureyrar, kt. 590269-2989, Naustavegi 1, Akureyri, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi. **Samþykkt.**
19. Eimskip, kt. 421104-3520, Oddeyrarskáli við Strandgötu, 600 Akureyri. Vöruflutningar og vörugeymsla. Endurnýjun starfsleyfis. **Samþykkt.**

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 16.00

Þórdís Rósa Sigurðardóttir, formaður	Alfreð Schiöth
Sigurjón Jóhannesson	Þorkell Björnsson
Birna Jóhannesdóttir	Þórey Agnarsdóttir
Hafsteinn H. Gunnarsson	María Markúsdóttir
Steinn Karlsson	Þórir V. Þórisson
Kristín Halldórsdóttir	